Nd. **813. Frumvarp**

til laga um tékka.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

Samhljóða þskj. 232, með þessum

BREYTINGUM:

29. gr. hljóðar svo:

Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 30 daga.

Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 40 daga, og tékka, sem gefinn er út í annari heimsálfu, innan 70 daga.

Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir.

53. gr. hljóðar svo:

Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, ef sá, sem sóttur er um tékkakröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum.

Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkaréttur samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

58. gr. hljóðar svo:

Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékkaskyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.